

**Nd.**

**491. Frumvarp**

Til laga um breyting á lögum nr. 44, frá 27. júní 1925, um slysatryggingar.

(Eftir 2. umr. i Nd.).

1. gr.

1. gr. 2 a. laganna orðist svo:

Ferming og afferming skipa og báta, svo og vöruhúsavinna, vöruflutningar í sambandi við það og hverskonar bifreiðakeysla, hvort heldur sem er til vöruflutninga eða mannflutninga.

2. gr.

Í staðinn fyrir orðin »4000 kr.« í staflað b. í 4. gr. komi: 6000 kr.

3. gr.

a. Í staðinn fyrir »2000 kr.« í fyrstu málsgrein 5. gr. komi: 3000 kr.

b. Í staðinn fyrir »200 kr.« á tveim stöðum í 5. gr. 4. þriðju málsg. komi: 300 kr., og í staðinn fyrir »400 kr.« komi: 600 kr.

4. gr.

4. málsg. 7. gr. laganna orðist svo:

Útgerðarmenn róðrabáta og vjelbáta, minni en 5 smálestir, greiða aðeins  $\frac{7}{10}$  af iðgjaldi því, sem ákveðið er fyrir þá, en það, sem á vantar fult iðgjald, greiðist úr rikissjóði.

5. gr.

Síðasti málsliður fyrri málsgreinar 12. gr. laganna orðist svo:  
Skal lögreglustjóri þá, og hvenær sem slysaftryggingin óskar þess, halda  
próf í málinu.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1929.